

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.

Hvammur 2, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 20. september 2016 deiliskipulag fyrir Hvamm 2, sem samþykkt var í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 14. september 2016.

Deiliskipulagið er fyrir 0,68 ha lands í landi Hvamms 2 í Vallahreppi hinum forna á Fljótsdalshéraði.

Markmið skipulagsins er að greina mörk fyrirhugaðrar ferðapjónustu í landi Hvamms 2.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er um heimreið frá Upphéraðsvegi 931, tengivegur samkvæmt vegaskrá. Vegurinn liggur í lykkju umhverfis suðurenda Lagarfljóts og tengist hringvegi (1) sitthvorumegin fljótsins, í þéttbýlinu á Egilsstöðum og Fellabæ.

Auglýsing þessi vísar í uppdráttinn Hvammur 2, Fljótsdalshéraði sem dagsettur er D.2016-06-08, nr. U24001 D.

Fljótsdalshéraði, 28. nóvember 2016.

Vífill Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2016